

Reglur um styrki til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja vegna orkunotkunar

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg (Selfossveitur) styrkir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki vegna notkunar á heitu vatni frá Selfossveitum sem hér segir:

2. gr.

Styrkveiting er háð því að umsækjandi starfræki nýsköpunar- eða sprotafyrirtæki í Sveitarfélaginu Árborg og að viðkomandi starfsemi sé ekki farin að gefa af sér tekjur. Undir þetta fellur t.d. ekki vöruþróun fyrirtækja sem eru í rekstri.

3. gr.

Styrkurinn felst í 25% afslætti af gjaldskrá Selfossveitna vegna kaupa á heitu vatni.

4. gr.

Styrkur skal ekki veittur til lengri tíma en eins árs í senn.

5. gr.

Umsóknum skal beint til bæjarráðs Árborgar. Í umsókn skal gera grein fyrir starfsemi umsækjanda og áætlaðri notkun á heitu vatni, ásamt áætlun um hvenær viðkomandi starfsemi muni skila tekjum inn í reksturinn.

6. gr.

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til að hafna umsóknum, svo sem vegna umfangs kaupa eða annarra þátta eða binda afslátt við tiltekið magn af heitu vatni.

Samþykkt í bæjarráði Árborgar hinn 13. desember 2012.



Sveitarfélagið
ÁRBORG
